

Úttektir

Er að finna í 48. Gr. Byggingarreglugerðarinnar

48. gr.

Áfangaúttektir.

48.1 Hlutaðeigandi byggingarstjórar skulu, með minnst sólarhrings fyrirvara, óska úttektar byggingarfulltrúa á eftirfarandi verkþáttum:

- a) *Jarðvegsgrunni, áður en byrjað er á mótauppslætti eða fyllingu í slíkan grunn.*
- b) *Undirstöðuveggjum.*
- c) *Lögnum í grunnni, þ.m.t. rör fyrir rafmagnsheimtaug áður en hulið er yfir.*
- d) *Raka- og vindvarnarlögum.*
- e) *Grunni, áður en botnplata er steipt.*
- f) *Járnalögnum.*
- g) *Grind, bitum og þaki, áður en klætt er.*
- h) *Frágangi á klæðningu þaka, bæði úr timbri og öðrum efnum, þ. á m. á neglingu þakjárns eða öðrum tilsvarendi frágangi.*
- i) *Frágangi á ystu klæðningu veggja.*
- j) *Hita- og hljóðeinangrun.*
- k) *Neysluvatns-, hitavatns-, hita- og kælikerfum ásamt einangrun þeirra.*
- l) *Frárennslis-, regnvatns- og þerrikerfum.*
- m) *Stokkalögnum og íhlutun þeirra fyrir loftræsi- og lofthitunarkerfi ásamt hita- og eldvarnaeinangrun.*
- n) *Tækjum og búnaði loftræsi- og lofthitunarkerfa.*
- o) *Úttekt á verkþáttum varðandi eldvarnir.*
- p) *Þáttum er varða aðgengi m.t.t. fatlaðra.*

48.2 Skylt er byggingarstjóra að tilkynna til byggingarfulltrúa þegar bygging er fokheld.

48.3 Heimilt er að veita hlutaðeigandi byggingarstjóra og/eða iðnmeisturum leyfi til eigin úttekta á skilgreindum verkþáttum, enda verði byggingarfulltrúa afhent yfirlýsing um að úttektir og eftirlit fari fram í samræmi við áður gerða gæðaáætlun, sbr. mgr. 30.3 - 30.5.

49. gr.

Niðurfelling úttekta.

49.1 Byggingarfulltrúa er heimilt að fella niður úttekt á einstökum verkþáttum hjá iðnmeisturum sem starfað hafa í umdæmi hans í a.m.k. þrjú ár samfellt með sérlega góðum árangri að hans mati. Þó er ekki heimilt að fella niður lokaúttekt, sbr. gr. 53. Iðnmeistari skal þá senda byggingarfulltrúa skriflegar yfirlýsingar um úttektir sínar, sbr. mgr. 30.3 - 30.5.

49.2 Heimilt er að veita hlutaðeigandi byggingarstjórum og/eða iðnmeisturum leyfi til eigin úttekta á skilgreindum verkþáttum, sbr. gr. 48 og 50, enda verði byggingarfulltrúa afhent yfirlýsing um að úttektir og eftirlit hafi farið fram í samræmi við áður gerða áætlun um gæðaeftirlit, sbr. mgr. 30.3 - 30.5.

50. gr.

Viðvera byggingarstjóra við úttektir.

50.1 Byggingarstjóra er skylt að vera viðstaddur þegar úttekt á verkþáttum, sbr. mgr. 48.1, fer fram.

50.2 Þegar byggingarfulltrúi gerir úttekt á húsi getur hann krafist þess að hlutaðeigandi meistarar séu viðstaddir og hafi tiltæka samþykka uppdrætti.